

Terra efnaeyðing hf.
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. maí 2020
UST201901-230/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4. febrúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar hjá Terra efnaeyðingu hf, Hafnarfirði hinn 6. desember 2019. Þann 18. febrúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávik er eftirfarandi:

- Viðauki III reglugerðar nr. 1061/2018 um raf og rafeindatækjaúrgang.** (Bráðabirgða)geymslustaðir raf- og rafeindatækjaúrgangs skulu varðir vatni og vindum. Raftæki eru geymd í opnum bömbum utanhúss á meðan þau bíða þess að vera sett í lokaða gáma til útflutnings. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður komið upp einum eða fleiri lokuðum skipagámum til tímabundinnar geymslu raftækja eigi síðar en 15. maí 2020. Jafnframt og til vara verði til staðar dúkar og/eða segl til yfirbreiðslu þar sem það hentar. Loks verði skýli byggt en það verður gert með þeim hætti að þak verður byggt á milli tveggja 40 feta gáma sem veiti það skjól sem til þarf. Þeirri framkvæmd verði lokið fyrir 30. september 2021.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis